



Rannsóknir og greining – Frístundastarf

Hvað?

- Ungt fólk 5.-7. bekkur - árleg nemendakönnun
- Ungt fólk 8.-10. bekkur - árleg nemendakönnun
- Spurningar um þætti í lífi barna og unglinga um andlega og líkamlega heilsu, líðan, fjölskylduaðstæður, frístundaiðkun, áfengis- og vímuefnaneyslu, árangur í námi, líkamsrækt og þátttöku í íþróttastarfi, trúarskoðanir og mataræði. Einnig spurt um tengsl nemenda við jafnaldra, notkun þeirra á netmiðlum, lestur bóka og viðhorf þeirra til jafnréttis.

Hvernig?

- [Rannsóknir og greining](#) leggur kannanirnar fyrir árlega.
- Grunnskóli fær sendan hlekk og tengiliður skólans heldur utan um fyrirlögnina með því að fá nemendur til að taka þátt, en þátttaka þeirra er valkvæð.
- Viðhorfskönnunin byggir ekki á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins með því að nemendur sem eru mættir til skóla á degi fyriragnar taki þátt.

Hvenær?

- Könnun 5.-7. bekkjar er lögð fyrir á haustönn og kynnt í byrjun vorannar.
 - Ef viðbótarkönnun er lögð fyrir er það gert í byrjun vorannar.
- Könnun 8.-10. bekkjar er lögð fyrir á haustönn og kynnt í byrjun vorannar.
 - Ef viðbótarkönnun er lögð fyrir er það gert í byrjun vorannar.

Nýting niðurstaðna

- Niðurstöður könnunar Rannsókna og greiningar geta verið gagnlegar til að ákveða áherslu í starfi félagsmiðstöðvar, jafnvel í samvinnu við grunnskólann.
- Vinna ætti umbótaáætlun út frá niðurstöðunum og mikilvægt er að kynna þær fyrir öllum hagsmunaaðilum, ásamt umbótum.

Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar á <https://rannsoknir.is/>
- Til að hafa samband er hægt að senda fyrirspurn; <https://rannsoknir.is/hafa-samband/>
- Ef þú hefur spurningar til skóla- og frístundasviðs bendum við á að senda tölvupóst á sfs@reykjavik.is.

